



Borðtennissamband Íslands
The Icelandic Table Tennis Association
Íþróttamiðstöðinni Laugardal
104 Reykjavík
Fax: +354 588 8848

Member of:
The Nordic Table Tennis Federation NTTF
The European Table Tennis Union ETTU
The International Table Tennis Federation ITTF

ÁRSÞING BTÍ 2007

Ársþing Borðtennissambands Íslands 2007 fór fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 18. október 2007 kl. 18.00.

1. Þingsetning. Helgi Þór Gunnarsson, formaður BTÍ, setti þingið og bauð framkvæmdastjóra ÍSí og formann ÍBR velkomin.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara. Stungið var upp á Valdimar Leó Friðrikssyni sem fundarstjóra og Ástu M. Urbancic sem fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

3. Staðfest lögmæti þingsins. Þingið telst vera lögmætt. Enginn mótmælti því.

4. Kjörbréfanefnd. Í nefndina voru kosnir einróma: Kjartan Briem, Ólafur Elí Magnússon og Ólafur Ólafs. Nefndin tók þegar til starfa. Ingólfur Már Ingólfsson spurði hvort kjörbréfin skiptu máli í ljósi samkomulags, sem gert hafði verið á fundi í hádeginu þennan dag. Svarið var að formsins vegna bæri að fara yfir kjörbréfin.

5. Fundargerð síðasta þings. Fundargerð ársþingsins 29. nóvember 2004 hafði verið send út fyrir hluta árs 2005 og verið á vef BTÍ síðan þá. Enginn fór fram á að fundargerðin væri lesin.

6. Afhending viðurkenninga. Engar viðurkenningar voru afhentar á þinginu.

7. Ávörp gesta. Liðurinn var felldur niður.

8. Skýrsla fráfarandi stjórnar. Formaður BTÍ gerði grein fyrir skýrslu stjórnarinnar. Hann sagðist ekki hafa haft mikinn tíma til að sinna formannsstörfum af persónulegum ástæðum og þakkaði samstarfsmönnum sínum í stjórninni fyrir þeirra starf. Stærsta verkefni stjórnarinnar var Norður-Evrópumótið, sem haldið var í Reykjavík árið 2006. Guðmundur Stephensen sigraði í einliðaleik á mótinu, sem og á Smáþjóðaleikunum árið 2007. Þá hafa aftur verið tekin upp samskipti við Færeyinga og hafa unglingar frá Færeyjum komið til Íslands til keppni og íslenskir unglingar keppt í Færeyjum. Helgi taldi skorta á jákvæðni í íþróttinni og sagði samkeppni eiga að vera af hinu góða en ekki til að rífa niður. Þá lýsti hann áhyggjum af stöðu kvennaborðtennis, þar sem margar góðar borðtenniskonur hefðu haldið til náms í útlöndum. Helgi lýsti ánægju með endurvakningu borðtennisdeildar hjá HK í Kópavogi. Hann taldi mörg sóknarfæri vera hjá BTÍ og að styrkur frá Alþingi geti hjálpað

sambandinu til að ráða starfsmann á skrifstofuna. Sá starfsmaður geti m.a. unnið við að koma borðtennis aftur inn í skóla og félagsmiðstöðvar.

9. Reikningar BTÍ lagðir fram. Kristján Jónasson, gjaldkeri BTÍ lagði fram reikninga ársins 2004, 2005 og 2006. Reikningarnir voru lagðir fram í sérstöku hefti. Tap var af rekstri sambandsins árið 2004 og 2005 en hagnaður árið 2006.

10. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Ingólfur Már Ingólfsson spurði um kröfur og birgðir, sem er sérlega stór liður árið 2006. Kristján sagði þetta vera útistandandi kröfur, t.d. ógreiddar lottótekjur. Guðrún G. Björnsdóttir spurði almennt um styrki, þ.e. hvort þeir séu eyrnamerkir ákveðnum einstaklingum, t.d. styrkur vegna „ungra og efnilegra leikmanna“. Örn Andrésson frá ÍSÍ sagði venju að svona styrkir fari í gegnum bókhald sérsambanda. Guðrún spurði hvaða leikmenn hefðu fengið styrki vegna „ungra og efnilegra leikmanna“. Ólafur Ólafsson upplýsti að árið 2004 hafi styrkurinn fengist vegna ferðar unglingalandsliðsins á EM unglinga en árið 2006 sé það vegna Magneu Ólafs. Gerð var athugasemd við að sundurliðun vantaði og að útgjöld vegna þessa styrks komi ekki fram, aðeins tekjurnar. Einar Geirsson spurði um útgjöld vegna útbreiðslu. Kristján sagði svokallaðan útbreiðslustyrk hafa farið í rekstur BTÍ. Örn sagði að nafnið útbreiðslustyrkur væri kannski ekki réttnefni heldur væri hér um hluta lottótekna að ræða. Minnt var á að Kristján Viðar Haraldsson og Hu Dao Ben fóru í útbreiðsluferðir árið 2004.

Þegar umræðum var lokið las þingforseti upp kjörbréf. Aðalfulltrúar, sem höfðu rétt til að sækja þingið, voru 16, 12 frá ÍBR og 4 frá HSK. Kjörbréfin voru samþykkt samhljóða.

Fulltrúar frá ÍBR: 1. Reynir Ragnarsson; 2. Kjartan Briem; 3. Hlöðver Þorsteinsson; 4. Kristján Viðar Haraldsson; 5. Ingólfur Már Ingólfsson; 6. Einar Geirsson; 7. Magnús F. Magnússon; 8. Ólafur Ólafsson; 9. Pétur Ó. Stephensen; 10. Kristján Jónasson; 11. Guðmundur Stephensen; 12. Magnea Ólafsson.

Fulltrúar frá HSK: 1. Ólafur Elí Magnússon; 2. Björgvin Daníelsson; 3. Benóný Jónsson; 4. Viktor Steingrímsson.

11. Reikningar samþykktir. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

14. Hoppað var yfir liði 12 og 13 um fjárhagsáætlun og lagabreytingar og tekin fyrir tillaga 1 um þriggja manna starfsstjórn, sem starfi í 6 mánuði. Stjórnina skipi þrír menn, einn frá KR, einn frá Víkingi og einn frá ÍSÍ, sem jafnframt verður formaður. Samhliða var lögð fram tillaga 2 um skipun starfshóps sem skilgreini skráningu iðkenda. Starfshópin skipi þrír menn, einn frá KR, einn frá Víkingi og einn frá ÍSÍ, sem jafnframt verður formaður. Forsendur fyrir tillögunum er einróma samþykki og frestun þingsins.

Áður en greitt var atkvæði um tillöguna fóru fram umræður. Jón Ingi Árnason spurði hvers vegna ætti að fresta þingi í 7 mánuði. Þessi frestur myndi þýða að ekki væri búið að breyta reglugerð um flokkakeppni næst þegar keppt verði í 2. deild og vildi Jón Ingi fresta keppni í 2. deild þar til tillögur um lagabreytingar, sem lágu fyrir þinginu, hefðu verið afgreiddar. Ólafur Ólafsson lagði til að fyrirbyggjandi tillögur til lagabreytinga sem samstaða væri um væru ræddar og samþykktar strax. Kjartan Briem útskýrði þýðingu fyrirbyggjandi tillagna um breytingu á reglugerð um flokkakeppni og lagði til að tekið yrði kaffihlé áður en tillögur 1 og 2 yrðu afgreiddar. Ásta M. Urbancic spurði um þýðingu þess að tillagan yrði samþykkt og hvert yrði verksvið starfsstjórnarinnar. Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, sagði borðtennisíþróttina þurfa að færist upp á við og taldi hægt að færa dagsetningu loka starfsstjórnarinnar fram. Tekið var kaffihlé.

Að loknu kaffihléi var áfram rætt um tillögurnar. Sá skilningur kom fram að stjórnin skuli ljúka störfum í síðasta lagi 1. maí, en hún megi ljúka störfum fyrr. Starfsstjórninni sé heimilt að taka fyrir tillögur til lagabreytinga. Benóný Jónsson spurði hvort starfshópurinn eigi ekki að skila skýrslu fyrir 1. maí 2008.

Borin var fram breytingartillaga við tillögu 1 til samþykktar, þar sem fram kemur að skipuð verði starfsstjórn „sem skili af sér eigi síðar en“ 1. maí 2008. Tillagan var samþykkt samhljóða. Síðan var tillagan öll borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

Að því loknu var borin upp breytingartillaga við tillögu 2. Bætt verði við setningunni: „Starfshópurinn skal skila af sér eigi síðar en 1. apríl 2008.“ Tillagan var samþykkt samhljóða. Síðan var tillagan öll borin upp til samþykktar og var hún einnig samþykkt samhljóða.

Samþykktar tillögur hljóða þannig:

1. Ársþing Borðtennissambands Íslands (BTÍ), haldið 18. október 2007, samþykkir að skipuð verði starfsstjórn sem skili af sér eigi síðar en 1. maí 2008. Starfsstjórnin skal skipuð einum fulltrúa borðtennisdeildar Knattspyrnufélagsins Víkings, einum fulltrúa borðtennisdeildar Knattspyrnufélags Reykjavíkur og einum fulltrúa tilnefndum af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands sem jafnframt skal gegna formannsembætti starfsstjórnarinnar.

Starfsstjórninni er falið að annast öll hefðbundin skyldustörf stjórnar skv. lögum BTÍ.

Tilnefning borðtennisdeildar Víkings: Kristján Jónsson

Tilnefning borðtennisdeildar KR: Björn Brynjar Jónsson

Tilnefning ÍSÍ: Örn Andrésson formaður

2. Ársþing Borðtennissambands Íslands (BTÍ), haldið 18. október 2007, samþykkir að skipa starfshóp sem falið er að komast að niðurstöðu um með hvaða hætti skuli skilgreina og rökstyðja iðkendaskráningu innan borðtennisíþróttarinnar þannig að enginn ágreiningur rísi um gildi iðkendaskráningar aðildarfélaga BTÍ og útdeilingu á fulltrúafjölda á þing BTÍ. Jafnframt er samþykkt að hlíta þeim niðurstöðum fortakslaust sem starfshópurinn kemst að. Starfshópurinn skal skila af sér eigi síðar en 1. apríl 2008.

Í starfshópnum skal vera einn fulltrúi tilnefndur af aðalstjórn Knattspyrnufélags Víkings, einn fulltrúi tilnefndur af aðalstjórn Knattspyrnufélags Reykjavíkur og einn fulltrúi Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands sem jafnframt skal gegna formannsembætti starfshópsins.

Tilnefning borðtennisdeildar Víkings: Ekki tilbúin

Tilnefning borðtennisdeildar KR: Flosi Kristjánsson

Tilnefning ÍSÍ: Friðrik Einarsson formaður

Greinargerð:

Fyrir liggur dómur þess efnis að fulltrúafjöldi á Ársþingi BTÍ ákvarðast af iðkendaafjölda aðildarfélaga.

Samkvæmt reglugerð ÍSÍ um félag-, iðkenda og keppendatal 1. gr. er skilgreining á iðkanda svohljóðandi, „**Iðkandi er sá félagsmaður í íþrótt- eða ungmennafélagi sem stundar eina eða fleiri íþróttagreinar á vegum félagsins**“.

Að lokinni samþykkt tillagnanna var þingi frestað kl. 19.15.

29. október 2007

Ásta M. Urbancic